

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 21. ágúst 2009  
Tilvísun: UST20090700155/áb


**Breyting á borsvæðum og niðurrennsliðsvæði á Nesjavöllum. Umsagnarbeiðni um tilkynningaskylda framkvæmd.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 27. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Samkvæmt erindinu þá fela fyrirhugaðar breytingar "í sér breytingu á fjórum borsvæðum og breytta afmörkun á niðurrennsliðsvæði. Áhrif þess eru fyrst og fremst að rask vegna framkvæmda við vinnsluboranir, niðurrennslisholur og niðurrennsliðsveitu svæði verður að hluta til annars staðar en áður var gert ráð fyrir. Allt er þetta innan orkuvinnslusvæðis sem er nú þegar skilgreint sem iðnaðarsvæði og því ekki verið að breyta því." Umhverfisstofnun telur jákvætt að einn framkvæmdarliðurinn feli í sér stækkun á verndarsvæði í Nesjalahaugargili. Einnig telur stofnunin jákvætt að stefnt er að niðurdælingu alls skilju- og þéttivatns virkjunar í neðri grunnvatnslög eða jarðhitageyminn og "draga með því úr áhrifum förgunar affallsvatns á umhverfið." Að mati Umhverfisstofnunar eru ekki líkur á að umhverfisáhrif fyrirhugaðra breytinga á landslag, ásynd, vatn og gróður verði veruleg og því er framkvæmdin ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Vinóingarfyllst

  
Asgeir Björnsson  
sérfræðingur

  
Olafur A. Jónsson  
deildarstjóri